



Innra matsskýrsla Gæðaráðs Brekkuskóla

Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Ytra mat	3
Starfsáætlun um innra mat.....	4
Niðurstöður mats.....	7
Nám og kennsla	7
Innra mat.....	25
Umbótaáætlun fyrir innra mat í Brekkuskóla skólaárið 2021-2022.....	26

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats í Brekkuskóla á liðnu skólaári.

- Helstu matsþættir
 - Nám og kennsla
 - Metið var út frá matslistanum Matstæki um þróun skólstarfs (GGÓ) 2020 - 2021
 - Metið verður út frá viðmiðum Akureyrarbæjar um Nám og kennslu skólaárið 2021 - 2022
 - Stjórnun og fagleg forysta verður viðfangsefni skólaársins 2022 - 2023
 - Innra mat var metið út frá viðmiðum Akureyrarbæjar 2020 - 2021. Unnin umbótaáætlun og umbætur unnar út frá henni

Í Gæðaráði Brekkuskóla sitja: Jóhanna María Agnarsdóttir, skólastjóri, Aðalheiður Bragadóttir deildarstjóri, Sigríður Magnúsdóttir deildarstjóri, Halla Kristín Tulinius kennari, Sigríður Margrét Hlökkversdóttir kennari.

Í lok skólaársins 2020 - 2021 er búið að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um innra mat. Hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum. Innra matsskýrslu Brekkuskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Brekkuskóli notar kerfið Bravolesson sem heldur utan um vinnuna við mat á skólastarfinu.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Brekkuskóla haustið 2015. Unnið var út frá umbótaáætlun á árunum þar á eftir. Skýrslur frá ytra matinu má finna á [heimasíðu Brekkuskóla](#).

Starfsáætlun um innra mat

Næstu þrjú árin fer fram gæðamat á starfsemi Brekkuskóla í samræmi við nýja Menntastefnu Akureyrarbæjar. Ákveðið var á fyrsta fundi 3. september að Gæðaráð fundi á þriðjudögum kl 13:30 og fimmtudögum kl 9:00.

Skipulag fyrir veturinn 2020 - 2021

Mat á vinnu tímabila **grænt** - markmiði náð, **gult** á góðri leið, **rautt** náðist ekki

Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Ábyrgð	Viðmið
3. september Fyrsti fundur	Farið yfir markmið með starfi Gæðaráðs og fundarhöld og skipulag ákveðið	Að halda utanum um innra mat í skólanum í vetur	Skóla- stjórnendur	Gæðaráð skipað í Brekkuskóla og ytra skipulag um starf ráðsins komið á hreint.
September - 8. október	Fara í gengum gátlista fyrir innra mat, meta stöðuna og bera saman við Skólanámskrá Brekkuskóla. Fá kennara á stígunum þremur til að meta starfshætti út frá gátlistum Læsi er lykillinn.	Fá mynd af styrk í skólastarfinu og því sem betur má fara Að kennarar ígrundi markmið læsis og læsiskennslu	Stjórnendur og Gæðaráð	Vera búin að meta gátlista fyrir innra mat fyrir 9. október Kennarar á stígunum þremur hafa merkt við í gátlistana Læsi er lykillinn
15. október - nóvember	Starfsáætlun fyrir Gæðaráð unnin Áætlun um innra mat fyrir 3 ár lokið. Kynning á skráningar-	Skipuleggja starf gæðaráðs á skólaárinu. Birta áætlun um innra mat fyrir 3 ár út frá upplýsingum sem fyrir liggja. Kynnast skráningar-	Stjórnendur og Gæðaráð	Starfsáætlun Gæðaráðs_tilbúin Áætlun fyrir innra mat fyrir 3 ár tilbúin Komin á heimasíðu skólans. Allir í gæðaráði hafa fengið

	kerfinu Bravo Lesson	kerfinu Bravo Lesson		kynningu á Bravo Lesson
Nóvember - desember	Læra að nota BravoLesson skráningarkerfi til að halda utanum mat á skólastarfi. Útbúa umbótaáætlun fyrir Innra mat í Brekkuskóla	Gæðaráð nái færni í að nota Bravo Lesson til að meta þörf fyrir umbætur. Útbúa umbótaáætlun fyrir Innra mat	Stjórnendur og Gæðaráð	Allir í gæðaráði hafi unnið með skráningarkerfið Bravo Lesson og skilji hvernig það virkar. Umbótaáætlun fyrir Innra mat tilbúin.
Janúar	Unnið að umbótum á Innra mati út frá umbótaáætlun Innra og ytra mat á námi og kennslu	Útbúa gátlista fyrir innra mat í Brekkuskóla. Starfsdagur 22. janúar Gátlistar í samræmi við nýja menntastefnu fyrir innra og ytra mat á námi og kennslu kynntir ásamt umbótaáætlun fyrir innra mat.	Stjórnendur og Gæðaráð	Gátlisti um það sem metið er (Tímaröð- hvað metið-hvernig-hverjir) tilbúinn 9. febrúar. Kennarar hafa fengið kynningu á gátlistum sem notaðir eru í innra og ytra mati á námi og kennslu í vinnu að Menntastefnu Akureyrar.
Febrúar	Unnið að umbótum á Innra mati út frá umbótaáætlun. Innra mat á kennslustundum.	Útbúa gátlista fyrir innra mat í Brekkuskóla. Bæta við þáttum ef þarf. Starfsdagur Gátlistar fyrir mat á kennslustund kynntur og lagður til umræðu í kennarahópnum.	Stjórnendur og Gæðaráð	Gátlisti um það sem metið er (Tímaröð- hvað metið-hvernig-hverjir) Viðbætur í lok febrúar. Kennarar hafa fengið kynningu á gátlistum sem stjórnendur nota í mati á kennslustund og hafa fengið tækifæri til að koma með athugasemdir og ábendingar.
Mars	Unnið að umbótum á Innra mati út frá umbótaáætlun	Verkferlar skoðaðir og útbúnir eftir þörfum	Stjórnendur og Gæðaráð	Verkferlar til og aðgengilegir starfsfólki

	Unnið að umbótaáætlun fyrir nám og kennslu út frá gátlistum	Kynna gátlista fyrir nám og kennslu fyrir kennurum og setja niður tímasetningar fyrir áhorf stjórnenda í kennslustundum.	Stjórnendur	Stjórnendur hafi farið inn í kennslustundir í öllum árgöngum í lok maí.
Apríl	Unnið að umbótum á Innra mati út frá umbótaáætlun Gæðaráð vinnur að umbótaáætlun fyrir nám og kennslu út frá gátlistum Kennarar meta nám og kennslu í GGÓ	Verkferlar skoðaðir og útbúnir eftir þörfum Fagleg forysta eflid og stuðningur við kennara aukinn. Fá mynd af styrk í námi og kennslu og því sem betur má fara.	Stjórnendur og Gæðaráð Stjórnendur	Verkferlar til og aðgengilegir starfsfólki Stjórnendur hafi farið inn í kennslustundir í öllum árgöngum í lok maí.
Maí	Unnið að skýrslu fyrir innra mat.	Geta sýnt fram á að innra mat er sjálfsgætt og mikilvægur þáttur í skólastarfi. Að taka saman upplýsingar um styrk og tækifæri til umbóta.	Stjórnendur og Gæðaráð	Skýrslu lokið í ágúst og hún aðgengileg.
Júní - Júlí	Skýrslur og fleira tengt innra mati birt á heimasíðu.		Stjórnendur og Gæðaráð	Skýrslum lokið í ágúst og þær aðgengilegar.

Þar sem starfsáætlunin/ársáætlunin gekk ekki eftir að fullu fór sá liður í umbótaáætlun hér neðst í skýrslunni.

Niðurstöður mats

Niðurstöður skólans eru lagðar fram í þremur meginþáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta (verður unnið með skólaárið 2022 - 2023)
2. Nám og kennsla (2020 - 2022)
3. Innra mat. (2020 - 2022)

Hér verða birtar helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans veturinn 2020 - 2021. Fram koma upplýsingar um matsgögn og viðmið. Gæðaráð skólans fór yfir gögnin, ræddi saman um niðurstöður og bar saman við viðmiðin.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- Eða nota önnur viðmið sem skólinn setur sér.

Nám og kennsla

Ákveðið var að hefja vinnu við þáttinn nám og kennsla með því að kennarateymi skólans mátu starfshætti sína eftir Matstæki um þróun skólastarfs (GGÓ) þætti 3 - 6, sem skiptast í **Námsumhverfi, Nemendur, Kennarar, Foreldrar og grenndarsamfélag**. Matstækið má sjá [hér](#). Niðurstöður voru teknar saman í BravoLesson, en með því fengust myndræn skjöl þannig að auðvelt var að greina stöðuna, það er hvað náði viðmiðum og hvar sóknarfærin eru. Út frá vinnu með þetta matstæki og rýnihópum kom fram að kennarateymin eru í virkri ígrundun og stöðugri starfsþróun. Matstækið Skólapúlsinn var notað til að leita eftir viðhorfum nemenda, niðurstöður má sjá [hér](#).

Haldið verður áfram næsta haust þar sem kennarateymin meta nám og kennslu út frá viðmiðum Akureyrarbæjar, Nám og kennsla. Umbótaáætlun verður síðan útbúin út frá því mati og unnið að umbótum næsta vetur.

Helstu niðurstöður úr Matstæki um þróun skólastarfs(GGÓ):

Helstu sóknarfæri Brekkuskóla eru að auka áhrif nemenda á eigið nám, fjölbreytni og frumkvæði þeirra. Skoða starfshætti til þess að nýta möguleika húsnæðis sem best.

MATSTÆKI UM ÞRÓUN SKÓLASTARFS í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómsfélag 2018 -- Matstæki Gerðar G. Óskarsdóttur (Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar) endurskoðað af starfshópi á vegum Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

3. Námsumhverfi

Skipulag skólabyggingar

<p>1. STIG Skólabyggingar skiptast niður í skólastofur að svipaðri stærð og gerð; Sveigjanleiki rýmis í lágmarki.</p>	<p>2. STIG</p>	<p>3. STIG Hluti skólabygginga skipulagðar með misstórum og opnum vinnurýmum og þar með einhver sveigjanleiki fyrir hendi.</p>	<p>4. STIG</p>	<p>5. STIG Skólabyggingar skipulagðar sem fjölbreytt, misstór og opin vinnurými sem gjarnan opnast inn í sameiginlegu miðrými (forum); mikill sveigjanleiki til aðlögunar.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>
---	-----------------------	---	-----------------------	---	-------------------------	---------------------------------

- Skipulag skólabygginga. Hvert viljum við stefna og hvernig komumst við þangað?
Erum á 3. stigi. Stefnum á 4. stig að nýta möguleika skólabyggingar betur.

Vinnurými nemenda						
1. STIG Nemendur vinna fyrst og fremst í sömu stofunni meirihluta skóladagsins við borð sitt sem snýr að töflu.	2. STIG	3. STIG Sumum stofum hefur verið skipt upp í vinnusvæði og nemendur fara milli svæðanna innan stofunnar	4. STIG Vinnusvæði innan bekkjarstofu og í næsta nágreppi. Nemendur fara á milli rýma að einhverju marki.	5. STIG Vinnusvæði í skólum gefa nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum. Nærumhverfið er einnig hluti af námsumhverfi nemenda.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Vinnurými nemenda. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>Erum á þriðja stigi en stefnum á 4. stig. Nýta betur möguleikana sem sem stofurnar bjóða uppá. Útsjónarsemi og jákvæðni. Þarf skipulag og vilja til að breyta eigin takmörkunum. Námskeið / kynning á skipulagi skólarýmis og skipulagningu námsstöðva. Hjálpast að innanhúss með skipulagningu stofa.</p>						
Námsgögn og sýnileiki verkefna nemenda						
1. STIG Einsleit námsgögn og vinna nemenda lítt sýnileg.	2. STIG	3. STIG Námsgögn fjölbreytt og aðgengileg; verkefni nemenda sýnileg.	4. STIG	5. STIG Fjölbreytt námsgögn aðgengileg fyrir nemendur að velja úr eftir viðfangsefnum og verkefni nemenda sýnileg.	Góð staða	Viljum gera betur

<p>- Námsgögn og sýnileiki verkefna nemenda. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 3. stigi en viljum fara á 5. stig. Fara yfir námsgögn og gera þau sýnilegri. Þurfum að ná betur utan um þau gögn sem eru til og hvernig þau eru geymd.</p>						
Skólasöfn						
<p>1. STIG Lokuð skólasöfn, bækur og annað efni aðeins til útlána; takmarkaður opnunartími.</p>	<p>2. STIG Söfn opin fyrir nemendahópa.</p>	<p>3. STIG Samþætt og sameinuð skólasöfn og tölvustofur.</p>	<p>4. STIG</p>	<p>5. STIG Upplýsingaver eru miðlæg í skólabyggingum og aðgengileg nemendum.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>
<p>- Skólasöfn. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 2. - 5. stigi, viljum vera á 5. stigi. Fá kennara til þess að koma með hugmyndir um skipulag. Hverjum finnst betra að hafa fasta tíma fyrir nemendur og hverjir vilja hafa meiri sveigjanleika.</p>						
Tæknibúnaður						
<p>1. STIG Takmörkuð tölvueign skóla, aðallega borðtölvur. Netvæðing skóla á byrjunarstigi.</p>	<p>2. STIG Netvæðing komin áleiðis. Tölvur í tölvustofum og á tölvuvögnum.</p>	<p>3. STIG Samþætt og sameinuð skólasöfn og tölvustofur.</p>	<p>4. STIG</p>	<p>5. STIG Upplýsingaver eru miðlæg í skólabyggingum og aðgengileg nemendum.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>

- **Tæknibúnaður. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?**

Erum á 3. stigi en viljum fara á 5. stig. Með því að halda áfram að bæta og læra á tæknibúnaðinn. Starfsþróun. Stefnumótun varðandi hugbúnað sem við viljum nota í skólanum.

Heildarmat námsumhverfis: Á stigi 3 – 4

4. Nemendur

Áhrif nemenda á eigið nám

<p>1. STIG Nemendur koma lítið að ákvörðunum um nám sitt, markmið þess og framgang.</p>	<p>2. STIG</p>	<p>3. STIG Nemendur geta komið skoðunum sínum um námið á framfæri, en kennarar taka ákvarðanir og skipuleggja það. Nemendur þekkja markmið bekkjar / námshóps að hluta til.</p>	<p>4. STIG Nemendur þekkja námsmarkmið kennslustundarinnar og taka þátt í að skilgreina viðmið um árangur.</p>	<p>5. STIG Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu. Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>
--	-----------------------	--	---	---	-------------------------	---------------------------------

- **Áhrif nemenda á eigið nám. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?**

Erum á stigi 3. Við viljum fara á 4. og að hluta á 5. stig. Nota leiðsagnarmat á markvissari hátt. Tala meira um markmið og leggja þau markvissar inn og gera þau sýnilegri. Þurfum að þjálfarar nemendur í að skilja hugtökin. Mikilvægt að nemendur þekki markmið kennslustunda, skilgrein í upphafi og samantekt í lokin. Vinna markvisst að því að setja viðmið við verkefni og sjá til þess að nemendur þekki þau

Ákvarðanir um nám nemendahóps						
1. STIG Nemendur hafa ekki áhrif á ákvarðanir um skipulag viðfangsefni námshóps / bekkjar.	2. STIG	3. STIG Nemendur hafa áhrif á ákveðin viðfangsefni og skipulag þeirra, t.d. þemaverkefni	4. STIG	5. STIG Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Ákvarðanir um nám nemendahóps. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Við erum á stigi 1 og 3. Viljum fara á 4. stigi þ.e. blanda af stigi 3 og 5. Við viljum auka þátttöku nemenda í að taka ákvarðanir um viðfangsefni og skipulag Bjóða oftar upp á val. Styrkja kennara í að nota fjölbreytta kennsluhætti. Hugmyndabankar og umræður í nemendahópum.</p>						
Námsaðferðir						
1. STIG Námsaðferðir eru ekki í brennidepli; ætlast til að allir vinni samkvæmt sömu aðferð.	2. STIG	3. STIG Nemendur hafa stundum val um námsaðferðir og leiðir og markmiðum.	4. STIG	5. STIG Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir .	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Námsaðferðir. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á stigi 3. Við viljum fara á stigi 4 og mjaka okkur í átt að 5. stigi Efla sjálfstraust nemenda og finna styrkleika hvers og eins. Efla skólabrag. Gera mismunandi námsstíla sýnilega svo nemendur átti sig á hvað kemur til greina. Auka val nemenda.</p>						

Frumkvæði nemenda						
1. STIG Nemendur eru viðtakendur, allure nemendahópurinn vinnur að sama viðfangsefnin u; lítils frumkvæðis vænst af nemendum.	2. STIG	3. STIG Nemendur fá stundum að hafa frumkvæði að viðfangsefnum eða úrlausnum.	4. STIG	5. STIG Nemendur fá stundum að hafa frumkvæði að viðfangsefnum eða úrlausnum.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Frumkvæði nemenda. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á stigi 3 en viljum fara á 5. stig. Með hugarfari vaxtar Með hvatningu til nemenda varðandi frumkvæði, siðfræði, nýsköpun og sjálfstæða hugsun. Virkja nemendur og nýta þeirra styrkleika. Þjóða upp á ólíkar skilaaðferðir verkefna. Kennarar þjóða upp á nokkrar leiðir við vinnu verkefna. Áhugasvið. Ræða mismunandi aðferðir við nám.</p>						

Trú á eigin getu						
1. STIG Greind og hæfni eru meðfædd og litlir möguleikar til að hafa áhrif á það. Annaðhvort er maður góður í einhverju eða ekki.	2. STIG Nemandinn leggur sig fram í þeim þáttum sem hann hefur á valdi sínu en forðast verkefni sem krefjast þrautseigju. Hann felur mistök og segir frekar að verkefnið sé leiðinlegt eða að hann nenni ekki að gera það, en að játa að það sé flókið.	3. STIG	4. STIG	5. STIG Greind og hæfni eru ræktuð með ástundun og þrautseigju. Nemandinn fagnar áskorunum og lítur á mistök sem tækifæri til að læra. Hann lærir best í samstarfi við aðra, ekki síst þá sem eru ólíkir hinum.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Trú á eigin getu. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>Mjög dreift - stig 2-5 en viljum vera á 5. stigi. Með hvatningu til nemenda varðandi frumkvæði, siðfræði, nýsköpun og sjálfstæða hugsun. Að kennarar fái þjálfun í hugarfari vaxtar.</p>						

Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild						
1. STIG Nemendur koma ekki að ákvörðunum um málefni skólans	2. STIG Nemendur virðast hafa rödd en hafa í raun lítil áhrif.	3. STIG Fulltrúar nemenda koma að ákvörðunum um ákveðin svið skólastarfsins, t.d. um starf nemendafélags og félagslíf og eiga fulltrúa í skólaráði.	4. STIG	5. STIG Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum á flestum sviðum skólastarfsins ásamt kennurum, stjórnendum og foreldrum.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 3. stigi og erum sátt við það. Halda áfram að þjálfva nemendur í því sem þeir eru að gera nú þegar. Efla þá og styrkja. Heildarmat - nemendur: á stigi 3 – 4</p>						

5. KENNARAR

Viðhorf

1. STIG Litið er svo á að almennir kennarar hafa fyrst og fremst þekkingu til að kenna börnum sem geta aðlagð sig skólanum og að barn með sérstakar þarfir eigi ekki heima inni í almennu skólastarfi. Framfarir nemenda eru fyrst og fremst á ábyrgð þerra sjálfra.	2. STIG Allir nemendur eru velkomnir í skólann en nám þeirra sem þurfa sérstakan stuðning fer oft fram einslega eða í litlum hópi annarra nemenda með sérþarfir	3. STIG	4. STIG Litið er svo á að allir nemendur séu sjálfsagðir þátttakendur í starfi bekkjar eða námshóps. Umsjónarkennari finnur leiðir til að mæta þörfum allra í samstarfi við sérkennara og / eða þroskaþjálfva.	5. STIG Litið er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í námi með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum inni í bekk þar sem þeir eru virkir og viðurkenndir þátttakendur. Ábyrgðin á námi þeirra og velferð hvílir á teyllum kennara og annarra sérfræðinga sem endurskoða stöðugt aðferðir sínar til að koma til móts við þarfir nemenda.	Góð staða	Viljum gera betur
--	---	----------------	--	---	------------------	--------------------------

- Viðhorf - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?

Erum á 4. stigi en viljum vera á 5. Með þéttu samstarfi og sameiginlegri ábyrgð. Lausnarmiðun og jákvæðu viðhorfi. Trú á að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Markviss vinna með sjálfsmýnd einstaklinga. Efla traust kennara á að þeir geti gert ýmislegt án aðkomu sérfræðiþjónustunnar. Með bættara aðgengi að sérfræðingum á staðnum. (í húsi)

Kennsluaðferðir

1. STIG Kennarar eru fræðarar og leggja áherslu á að miðla efni til nemenda; fáar kennsluaðferðir nýttar.	2. STIG	3. STIG Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, en kennarastýrð ar aðferðir eru ráðand	4. STIG	5. STIG Kennarateymi skapa fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms nemenda, skipuleggja og leiðbeina.	Góð staða	Viljum gera betur
---	----------------	---	----------------	---	------------------	--------------------------

- Kennsluaðferðir - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?

Erum á 3. - 4. stigi en viljum fara á 5. stig. Með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og draga úr kennarastýrðum aðferðum. Skilgreina þær kennsluaðferðir sem við erum að nota og læra og tileinka okkur fleiri.

Námsáætlanir						
1. STIG Sama áætlun fyrir heilan námshóp; inntak einkennist af yfirferð á námsefni.	2. STIG	3. STIG Markmið skilgreind í námsáætlun bekkja / námshópa. Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir fáeina nemendur.	4. STIG	5. STIG Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Námsáætlanir - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Með markvissri vinnu til að halda okkur á 4. stigi. Kennarar þurfa að þjálfar nemendur í markmiðasetningu og að auka meðvitund þeirra um markmið og viðmið. Halda áfram að upplýsa foreldra um þau markmið sem unnið er að hverju sinni. (Vikupóstur)</p>						
Verkefni nemenda						
1. STIG Sömu verkefni lögð fyrir alla nemendur í bekk / námshópi.	2. STIG	3. STIG Sama viðfangsefni er fyrir bekk / námshóp en mismunandi verkefni innan þess skipulögð fyrir hópa nemenda.	4. STIG	5. STIG Sama verkefni lagt fyrir námshóp, en einstaklingar og minni hópar hafa frumkvæði að úrvinnslu verkefnisins.	Góð staða	Viljum gera betur

<p>- Verkefni nemenda - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 3. viljum fara á 5. stig. Með því að auka val nemenda um úrvinnslu verkefna. Tryggja að verkefni séu skipulögð fyrir fjölbreyttan nemendahóp.</p>						
<p>Nemendasamtöl</p>						
<p>1. STIG Engin formleg, reglubundin samtöl nemenda og kennara um nám og líðan.</p>	<p>2. STIG</p>	<p>3. STIG Tilfallandi samtöl kennara og einstakra nemenda um nám og líðan.</p>	<p>4. STIG</p>	<p>5. STIG Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundin og hluti af námsframvindu.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>
<p>- Nemendasamtöl - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 5. stigi og ætlum að halda okkur þar. Getum bætt aðstöðu fyrir millisamtöl. (Tími og rými)</p>						
<p>Nýting tækninnar</p>						
<p>1. STIG Tölvur til staðar, en sáralítið nýttar í námi og kennslu</p>	<p>2. STIG Nemendum er leyft að nota tölvur; nýttar til að styðja við hefðbundnar kennsluaðferðir.</p>	<p>3. STIG Tæknin aðlöguð að náminu; ætlast til að nemendur nýti tölvur, en aðallega í upplýsingaöflun og í stað námsbóka eða ítarfennis.</p>	<p>4. STIG Tölvunotkun og tækni fléttuð reglubundið inn í námið. Einhver tækninotkun í flestum námsgreinum.</p>	<p>5. STIG Stöðug nýsköpun við nýtingu tækni í námi; leit að nýjum leiðum; áhersla á skapandi vinnu.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>

<p>- Nýting tækninnar - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 3. stigi og ætlum á 5. stig. Með auknum tæknibúnaði og aukinni þekkingu í tölvumálum. Nýta tækin sem við höfum. Endurmenntun, stutt námskeið.</p>						
<p>Námsmat</p>						
<p>1. STIG Árangurspróf u.þ.b. tvisvar á ári, ekki tengd markmiðum; engin önnur skráning á framförum nemenda eða úrvinnsla.</p>	<p>2. STIG</p>	<p>3. STIG Árangurspróf helsta námsmatsaðferðir, en einnig stuðst við sjálfsmat, jafningjamat og námsmöppur; skráning á framförum sýnileg.</p>	<p>4. STIG</p>	<p>5. STIG Fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggir á markmiðum og viðmiðum.</p>	<p>Góð staða</p>	<p>Viljum gera betur</p>
<p>- Námsmat - Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað? Erum á 3. stigi - ætlum á 5. stig. Þjálfar nemendur í mati á eigin námi og sjálfsmati. Að kenna nemendum að sjá eigin styrkleika og nýta sér þá í námi með reglulegri þjálfun og samræðum. Nýta leiðsagnarmatið meira. Hugmyndabanki/gagnabanki fyrir fjölbreytt námsmat og viðmið.</p> <p>Heildarmat - nemendur: Á stigi 3 – 4</p>						

6. FORELDRAR OG GRENNDARSAMFÉLAG

Upplýsingamiðlun

1. STIG Upplýsingar til foreldra um niðurstöður prófa.	2. STIG	3. STIG Foreldrar fá margvíslegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans.	4. STIG	5. STIG Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um líðan, nám og framfarir nemenda milli kennara og foreldra.	Góð staða	Viljum gera betur
--	----------------	--	----------------	---	------------------	--------------------------

- **Upplýsingamiðlun. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?**

Erum á 5. stigi og ætlum að vera þar. Við verðum að halda áfram að óska eftir þátttöku og hvetja foreldra til samstarfs. Getum frætt þá um mikilvægi þess að þeir séu virkir í námi barnanna og að jákvætt viðhorf til skólans skipti máli.

Samskipti og samstarf						
1. STIG Samskipti eru að frumkvæði skólans og á forsendum hans.	2. STIG	3. STIG Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum. Reglubundin foreldraviðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum.	4. STIG	5. STIG Foreldrar eru samstarfsmenn og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og líðan nemenda.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Samskipti og samstarf. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>Erum á 3. stigi en viljum vera á 5. stigi. Við þurfum að finna leit til að skapa þá menningu strax í 1. bekk að foreldrar séu virkir, ábyrgir og öflugir þátttakendur í námi barna sinna. Þurfum að skapa einhvern hvata og skrá niður þannig að foreldrar viti til hvers er að vænta fyrir hvert skólaár. Eigum við að opna skólann meira fyrir foreldrum?</p>						

Þátttaka						
1. STIG Foreldrar taka ekki þátt í skólastarfinu.	2. STIG Foreldrar taka þátt í félagsstarfi nemenda s.s. ferðum og foreldrakvöldum.	3. STIG Foreldrar eiga fulltrúa í skólaráðum; ákveðnir foreldrar taka að sér að vera bekkjarfulltrúar.	4. STIG	5. STIG Foreldrar eru virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild. Þeir taka þátt í mati á framförum barna sinna og gerð einstaklingsáætlana	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Þátttaka foreldra. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>Erum á 3. stigi en stefnum á 5. stig. Skapa menningu fyrir þátttöku foreldra til að efla jákvæðan skólabrag. Viðhalda og styrkja 1 -3 - 5 – 8. Hlusta á ábendingar foreldra en fagleg ábyrgð er alltaf á hendi skólans.</p>						

Tengsl skóla og grenndar / nærumhverfis						
1. STIG Tengsl skóla og grenndarsamfélags eru tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir í skólanum eru fátíðir og sinna aðallega fræðsluhlutverki.	2. STIG Teymi kennara í sumum árgöngum ákveða umfang og inntak náms í nærumhverfinu eða með aðilum utan frá.	3. STIG Tengsl við grenndarsamfélagið eru liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinna að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna, nokkuð um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni.	4. STIG	5. STIG Gagnkvæm tengsl skóla og grenndar eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabyggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlun um namenda.	Góð staða	Viljum gera betur
<p>- Tengsl skóla og grenndar / nærumhverfis. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>- Tengsl skóla og grenndar / nærumhverfis. Hvert viljum við stefna? Á hvaða stigi viljum við vera? Hvernig komumst við þangað?</p> <p>Heildarmat – Foreldrar og grenndarsamfélag: Á stigi 3 – 4</p>						

Innra mat

Innra mat í Brekkuskóla var metið út frá viðmiðum Akureyrarbæjar sem má sjá hér - [Innra mat](#). Unnið var með gögnin í BravoLesson og útbúin umbótaáætlun.

Niðurstaða - það sem er ljósgrænt, gult eða rautt fer í umbótaáætlun.

Umbætur næsta árs

Innra mat	
Skipulag	<ul style="list-style-type: none">• Koma upp kerfisbundnu mati og skráningu á þeim verkefnum sem skólinn vinnur að• Koma upp kerfisbundnu mati á gildum og stefnu skólans út frá viðmiðum
Framkvæmd	<ul style="list-style-type: none">• Þróa áfram markvisst mat á starfsháttum í skólanum• Vinna áfram með námsvísa
Umbætur	<ul style="list-style-type: none">• Skerpa á verkferlum í skólanum• Gera áætlun um lýðræðislega aðkomu nemenda

Gæðaráð Brekkuskóla ákvað að leggja aðaláherslu á þáttinn **Innra mat** í Brekkuskóla og umbætur tengdar því. Í þeim þætti voru fleiri styrkleikar en veikleikar sem samræmast lýsingu á gæðastarfi, samtímis eru nokkrir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta. Þeirra er getið í umbótaáætlun.

Ekki var unnið með þáttinn **Stjórnun og fagleg forysta** en hafin var vinna með þáttinn **Nám og kennsla**. Mati á þeim þætti verður haldið áfram á haustönn 2021. Þar sem ekki var unnið með alla þrjá þættina út frá viðmiðum Akureyrarbæjar verður ekki birt heildarmat að þessu sinni.

Umbótaáætlun fyrir innra mat í Brekkuskóla skólaárið 2021-2022

Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	1.4. Þau verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru metin kerfisbundið og eru hluti af innra mati skólans.	Skrá og halda utan um mat á þeim verkefnum sem skólinn vinnur að.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Skráning á verkefnum og mati yfirfarin í lok skólaárs.	Verkefni/stefnur sem skólinn kennir sig við eru skilmerkilega skráð í skólanámskrá og mat á þeim birt í matsskýrslum að vori.
	1.3. Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með skipulögðum hætti.	Markvisst gætt að því að gildi skólans séu metin út frá viðmiðum sem skólinn hefur sett sér varðandi þau.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Rýnt í skólanámskrá og matsskýrslur.	Í skólanámskrá er gert grein fyrir því hvernig stefna skólans er metin reglubundið og niðurstöður skráðar í skýrslur sem birtar eru í skólanámskrá.
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	2.10. Skólinn gerir grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.	Í matsáætlun Brekkuskóla er gert grein fyrir því hvernig markmiðin í stefnu skólans eru metin. Niðurstöður mats á markmiðum í stefnu skólans eru birt á heimasíðu Brekkuskóla.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Rýnt er í skólanámskrá Brekkuskóla og skoðað hvernig gert er grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.	Í matsáætlun Brekkuskóla er gert grein fyrir því hvernig markmiðin í stefnu skólans eru metin. Niðurstöður mats á markmiðum í stefnu skólans eru birt á heimasíðu Brekkuskóla.
	2.11. Stefnumið þeirra verkefna/stefna sem skólinn kennir sig við eru metin reglulega.	Gerðir verða skýrir verkferlar fyrir mat á verkefnum og stefnu skólans.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Farið er yfir formkannanir, Skólapúlsinn, nemenda-, foreldra-, og starfsmannakannanir.	Til eru skýrir verkferlar og gátlistar fyrir mat á verkefnum og stefnu skólans.

	2.17. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram reglulega og skipulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.	Skólastjórnendur fari markvisst í kennslustundir til að meta og veita leiðsögn. Kennarar fá fræðslu og þjálfun í jafningjamati í gegnum teymisvinnu.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Með viðhorfskönnunum á upplifun kennara á heimsóknnum og stuðningi skólastjórna og fræðslu um jafningjamat.	Að hver kennari er heimsóttur einu sinni á önn. Að fram komi í viðhorfskönnun að þekking þeirra á jafningjamati hafi aukist.
	2.20. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.	Rýnt er í gögnin með kennurum. Nýtum bjargráð eftir þörfum, MSHA, Skólalþjónustu Akureyrarbæjar og fleiri.	30/06/2021		Ekki byrjað	Könnun lögð fyrir að vori um hvernig kennarar upplifa að þeir geti nýtt sér niðurstöður og gögn.	Að allir kennarar upplifi að þeir fái fullnægjandi stuðning við að nýta sér niðurstöður og gögn.
	2.4. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra könnunarprófa, kannana og skimana með markvissum hætti í innra mati.	Útbúa verkferla vegna úrvinnslu niðurstaðna samræmdraprófa og annarra kannana.	30/06/2021	AB, HKT, JAG, SM, SMH	Í vinnslu	Verkferlar birtir í starfsmannahandbók fyrir skólaárið 2021 - 2022.	Að allir kennarar verði meðvitaðir um verkferla vegna úrvinnslu niðurstaðna samræmdraprófa og annarra kannana.
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	3.15. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	Útbúa skýra verkferla.	30/06/2021		Í vinnslu	Metið með gátlista.	Skýr verkferill.
	3.2. Á hverju vori liggur fyrir skýrsla um innra mat sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.	Í júní verður tilbúin skýrsla um innra mat fyrir skólann og birt á heimasíðu skólans.	30/06/2021		Í vinnslu	Rýnt í heimasíðu Brekkuskóla og skýrslu um innra mat.	Í júní verður tilbúin skýrsla um innra mat fyrir skólann og birt á heimasíðu skólans.